



Hjólabrettafélag Reykjavíkur (HFR) óskar eftir aðstoð (styrk) frá Reykjavíkurborg til að greiða leigu af innanhússaðstöðu sem félagið hyggst á að opna. Inn í húsinu verður starfsemi fyrir hjólabretti, hlaupahjól, BMX og mögulega fjallahjól. Mikið verður um námskeið og æfingar enda mikill fjöldi sem sækir námskeiðin nú þegar.

Við hjá HFR erum búin að finna mögulegt húsnæði og er það á Geirsgötu 11, við höfnina í miðbæ Reykjavíkur. Húsnæðið hentar fullkomlega undir okkar flottu starfsemi og er á afar góðum stað. Samgöngur eru góðar og nóg er af bílastæðum. Hægt er að skoða húsnæðið [HÉR](#).

--

Við hjá HFR erum í miklum vændræðum en við erum nú í óða önn að klára öll sumarnámskeiðin okkar og höfum við þurft að fresta okkar námskeið mjög oft vegna slæms veðurs og þar sem félagið er húsnæðislaust komumst við hvergi inn með okkar starfsemi. Við erum með tugi manns á námskeiðum hjá okkur, krakkanámskeið, stelpunámskeið, fullorðinsnámskeið og fjölskyldunámskeið og hafa þau fallið mikið niður undanfarið.

Fólk er ekkert sérlega ánægt með þetta og fáum við mikið af pósti og símtölum þar sem fólk fer fram á endurgreiðslu og vill t.d taka krakkana af okkar námskeiðum, alls ekki gott!

[Hjolabrettaskoli@gmail.com](mailto:Hjolabrettaskoli@gmail.com)

768-8606

[Facebook](#)

[Instagram](#)